

Skipulagsstofnun  
b.t. Jakobs Gunnarssonar  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. janúar 2022  
Tilvísun: 202112-0057  
SS, BK  
SS

## Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við Rimakotslínu 2

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 22. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Landsnets við lagningu Rimakotslínu 2 sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgja tilkynningunni og telur að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og helstu umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagningu á 36 km löngum jarðstreng og er rasksvæðið um 5 metra út frá miðlínu strengjarins. Strengurinn verður að stærstum hluta lagður meðfram núverandi vegum og í þeim tilfellum er rasksvæðið raskað fyrir. Þó eru kaflar þar sem strengurinn liggur fjær vegum um óröskuð gróðurlendi og þar er sums staðar þörf á að leggja sérstaka aðkomuslóða. Þá þarf að þvera ár og þar sem ekki er hægt að leggja strengi í rör utan á brýr þarf að grafa skurð í árbotninn og skorða rör þar með tilheyrandi raski.

Þar sem frágangur gerir ráð fyrir að gróðurhula muni endurheimtast eru áhrifin að mestu talin tímabundin. Sama á við um rask í árbotnum. Ásýndaráhrif verða því sömuleiðis frekar lítil. Framkvæmdin mun ekki liggja um friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá en mun liggja um tvö hverfisverndarsvæði við Eystri-Rangá og við Affallið sem bæði eru mikilvæg búsvæði fugla. Þá hefur allt Suðurlandsundirlendið verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.

Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdin sé ekki þess eðlis að þörf sé á fullu mati á umhverfisáhrifum. Áhrifin eru að stærstum hluta tímabundin og afturkræf og ef frágangur og tímasetning framkvæmdaliða er gerð með hagsmuni lífríkis að sjónarmiði ættu umhverfisáhrifin einungis að vera óveruleg. Þá ættu sérstaklega viðkvæm náttúrusvæði ekki að verða fyrir miklum áhrifum. Þar sem vistgerðir með hátt verndargildi (t.d. língresis- og vingulsvist) verða fyrir töluverðu raski þó það sé í nálægð núverandi vega, þarf að huga að því að endurheimta sambærilega gróðurhulu t.d. með því að nýta staðargróður eða sá ríkjandi tegundum. Fordast skal að nota framandi ágengar tegundir við endurheimt gróðurs.

Náttúrufræðistofnun vill þó benda á að þar sem framkvæmdasvæðið liggur fjær núverandi vegum og yfir gróið land t.d. í landi Miðeyjar, er mjög mikilvægt að fordast óþarfa rask og hugað að frágangi. Þá ætti að fordast framkvæmdir á varptíma. Svæðið við Miðey er nokkuð votlent, líklega meira en kemur fram á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar og þá má búast við að þar sé þétt varp mófugla. Mikilvægt er að frágangur nái einnig yfir gerð vinnuslóða á




Miðeyjarlandi en ekki kemur skýrt fram hvort gert sé ráð fyrir að sá slóði verði varanlegur eða tímabundinn. Þá ber að varast að raska nágrenni Miðeyjarvatns.

Hinn staðurinn þar sem vikið er frá nálægð við veg er við sanda Affals þar sem strengurinn verður lagður yfir sandauðnir, þverar Affallið og yfir túnspildur norður af Voðmúlastaðahverfi. Þar ríkir hverfisvernd og má m.a. gera ráð fyrir töluverðu spóa- og kjóavarpi á svæðinu og þar ætti því einnig að forðast framkvæmdir á varptíma og gæta mjög vel að frágangi.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins ef svo ber undir.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.

